

Nd.

22. Frumvarp til laga

[22. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Emil Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í lögum þessum skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar itrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hafa þingmenn Alþýðuflokksins flutt frv. um lögfestingu á 12 stunda hvíldartíma á botnvörpuskipum, þannig að sólarhringnum skuli skipt í fjórar sex stunda vökur og helmingur háseta vinna í einu, en hinn helmingurinn hvílast. Frv. þessi hafa ekki náð fram að ganga. Á síðasta þingi var frv. um þetta efni vísað frá með rökstuddri dagskrá. Var þar til þess vísað, að samtök sjómanna séu þegar búin að fá framgengt kröfunni um 12 stunda lágmarkshvíld á saltfiskveiðum með frjálsum samningum, og sé eðlilegt, að ákvæði um lágmarkshvíld á ísfiskveiðum verði einnig samningsatriði. Meiri hluti Alþingis hafði ekki viljað fallast á að lögfesta 12 stunda lágmarkshvíld á botnvörpuskipum. Þess vegna urðu sjómenn að neyta afls samtaka sinna og verkfallsréttar síns til þess að knýja fram nokkurn hluta kröfu sinnar, þ. e. 12 stunda hvíldina á öðrum veiðum en ísfiskveiðum. Til togaraverkfallsins síðasta hefði ekki þurft að koma, ef Alþingi hefði gengið til móts við óskir sjómannastéttarinnar.

Sjómenn og samtök þeirra telja þessu réttlætismáli ekki komið í höfn, fyrr en hásetum hefur verið tryggð 12 stunda lágmarkshvíld á öllum veiðum. Sú krafa verður ekki látin niður falla. Ef Alþingi skirrist enn við að setja lagaákvæði um þetta efni, jafngildir það því, að sjómönnum sé sagt, að þeir verði áfram að treysta einvörðungu á samtök sín og verkfallsrétt til þess að fá þessu hagsmunamáli sínu framgengt. Afleiðingarnar gætu orðið langar og harðvítugar vinnudeilur, sem þó gæti ekki lyktað nema á einn hátt, þ. e. með sigri sjómannasamtakanna, eins og síðasta verkfalli. Rökin fyrir því, að togarasjómönnum sé tryggð 12 stunda lágmarkshvíld, eru svo sterk, að baráttunni fyrir þessum málstað hlýtur að ljúka með algerum sigri. Þegar þeir, sem í landi vinna, hafa yfirleitt ekki lengri vinnudag en 8 stundir og mjög margir skemmri, er fráleitt, að sjómenn vinni nokkurn tíma 16 stundir í sólarhring. Þótt vinnudagurinn verði styttr niður í 12 stundir, er munurinn enn sannarlega nógu mikill, þegar það er haft í huga, að vinna háseta á botnvörpuskipum er ein hin erfiðasta, sem unnin er.